

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hlaðbær-Colas Hafnarfjörður



Dags eftirlits	2.10.2013	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Hlaðbær-Colas	Fulltrúi UST		
Heimili	Gullhelli 1	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik	
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Eymarsson	ÍSAT nr.	26.82.9	
Fulltrúi fyrirtækis	Sigþór Sigurðsson	Staðsetning	352977,735	396393,374

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit fundust ekki ný frávik frá kröfum í starfsleyfi. Eitt frávik frá eftirliti ársins 2011 er ófrágengið en unnið er eftir samþykktri úrbótaáætlun. Engin athugasemd var gerð við malbikunarstöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Sest var yfir kröfur í starfsleyfi og fóru fulltrúar rekstraraðila yfir völinn er varðar skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Niðurstöður PAH mælingar liggja fyrir og standast kröfur í starfsleyfi. Sýnum var safnað í ágúst sl. og síðan send til efnagreiningar á rannsóknastofu Marchwood Scientific Services í Bretlandi. Meðaltal mælinga á PAH (B (a(P))) var 0,0017 mg/Nm³ (mv. 17% O₂). Á sama tíma var ryk og ýmis önnur efni í útblæstri mæld og komu vel út. Einnig var mæld olía og svifefni í frárennsli og var allt vel innan marka m.v. kröfur í starfsleyfi. Gert hefur verið við þröngingur í frárennsli stöðvarinnar sem voru til trafala á síðasta ári.

Mælingar á hávaða hafa verið framkvæmdar tvisvar á árinu í samræmi við áætlun þar um. Niðurstaða þeirra sýna að hávaði við lóðamörk er vel innan við 70 dB.

Skoðaðar voru skráningar vegna eftirlits, bilana og viðhalds á rykhreinsibúnaði. Reyndist í góðu lagi. Skráningar á kvörðun á sjálfvirkum mælubúnaði verksmiðjunnar fer fram og stilling á brennara stóð yfir þegar komið var í eftirlit. Olíuskiljur skal þjónusta a.m.k. árlega og er kvittanir verktaka skráðar og þeim haldið til haga. Sama gildir um söfnun úrgangs og spilliefna. Íblöndunarefni í malbik og bikþeytur eru geymdar í lokuðu húsi og hafa verið keyptar sérstakar lekabyttur til þess að koma í veg fyrir efnaleka frá lager.

Allar áætlanir sem krafist er í starfsleyfi hafa borist og verið samþykktar að svo miklu leyti sem þess er krafist. Grænu bókhaldi hefur verið skilað til Umhverfisstofnunar.

Samráðsfundur fyrirtækisins með Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis skal fara fram á yfirstandandi ári.

Malbikunarstöð Hlaðbæjar Colas er með vottað gæðakerfi samkvæmt ÍST EN ISO 9001:2000 og vill nýta þann grunn til þess að efla umhverfisstjórnun í fyrirtækinu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, efnageymslur skoðaðar, svo og bik- og eldsneytisgeymar.

Girðingar og hlið voru í mjög góðu lagi. Lóð fyrirtækisins vel girt af og tímastýrð hlið eru inn á athafnasvæðið. Starfsmenn hafa síðan aðgang að lóðinni með rafskilríkjum.

Engar kvartanir hafa borist vegna starfssemi fyrirtækisins á liðnu ári. Engin mengunaróhöpp hafa orðið í fyrirtækinu frá síðasta eftirlit.

Frávik frá

ákvæði í starfsleyfi, grein 2.6 - geymsla hráefna

Lýsing á fráviki

Í eftirtili ársins 2011 var skráð frávik frá starfsleyfi um að hráefni sem geta fokið skulu geymd í lokuðum geymslum. Úrbótaáætlun félagsins sem Umhverfisstofnun hefur samþykkt kveður á um að bygging fínefnageymsla skuli lokið í október 2017. Þetta er því skráð frávik frá fyrra ári og mun stofnunin ekki fylgja þessu frekar eftir þar sem úrbótaáætlun liggur fyrir.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við malbikunarstöðina.

Reykjavík, 14.10.2013



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.